

Skólaráð Kópavogsskóla – fundargerð

Fundur 15. janúar kl. 8:00-9:30

Mætt: Jóhannes og Pálmi fulltrúar foreldra, Birna Bj. og Svanborg fulltrúar kennara, Hildur Elfa fulltrúi annarra starfsmanna, Gunnlaugur og Sigríður Lilja fulltrúar nemenda og Guðmundur skólastjóri. Guðný aðstoðarskólastjóri ritar fundargerð.

1. Kosning grenndarfulltrúa. Skólastjóri lagði fram tillögu um að Sólveig Helga Jóhannesdóttir tæki sæti í skólaráði sem grendarfulltrúi og það var samþykkt með öllum atkvæðum. Sólveig kom á fundinn og var boðin velkomin til starfa.
2. 70 ára afmæli Kópavogsskóla. Þann 12. jan sl. voru 70 ár frá því kennsla hófst í núverandi skólahúsnæði Kópavogsskóla. Í tilefni af því var nemendum og starfsmönnum boðið upp á köku föstudaginn 11. janúar. Það verður opið hús 25. janúar nk. og allir velkomnir.
3. Rekstraráætlun. Skólastjóri kynnti fjárhagsáætlun 2019. Lítið fjármagn til endurnýjunar á búnaði. Kópavogsbær er með miðlægan sjóð sem hægt er að sækja um í. Hér áður var 6% lagt ofan á áætlaðan launakostnað kennara til að fjármagna forföll og ef það var afgangur af því þá var hægt að nýta hann til búnaðarkaupa. Áætlanir hafa ekki staðist og þurft að endurskoða vegna kjarasamninga sem hafa verið gerðir á hverju ári undanfarin ár. Jóhannes talar um að foreldrafélagið hefur líka úr litlu að móða. Skólastjóri sagði að fjármagn fyrir bókasafnið hafi verið tvöföldað árið 2018 sem er mjög jákvætt. Rætt um ákvörðun bæjarstjórnar um miðlæg innkaup á námsgögnum. Kannski er ekki þörf fyrir þetta. Rætt um umgjörðina á því.
4. Ytra mat Menntamálastofnunar. Skólastjóri ræddi um skýrsluna og umbótaáætlunina og hvernig ferlið er í þeirri vinnu. Aðstoðarskólastjóri kynnti vinnuna sem þessu tengist og er unnin í mentor. Svanborg talaði um hvernig fjölbreyttir kennsluhættir koma út í skýrslunni. Jóhannes talaði um að sá sem situr þessa tíma ætti að hafa mikla þekkingu á kennslu og skipulagi. Það vantar að markmið séu sýnileg fyrir nemendur - vantar að sjá mat og endurgjöf á kennurum og kennslu. Margar athugasemdirnar fjalla um að þetta þurfi að vera sýnilegt. Birna talar um að það þurfi kannski að kynna fyrir nemendum og foreldrum nýja mentor. Jóhannes ræddi um að það þyrfti að fá einstaklinga til að bera ábyrð á ýmsum þáttum í umbótaráætlun. Skólastjóri ræddi um að kennsluhættir séu mismunandi á milli kennara sumir með fjölbreytta kennsluhætti en hjá öðrum vantaði upp á. Pálmi var í rýnihópi foreldra. Skólastjóri talar um að það væri gott að fá eftirfylgni frá úttektaáðilum eftir ca ár þegar allar umbætur eiga að vera orðnar virkar.
5. Vetrarleyfi – niðurstöður viðhorfskönnunar. Skólastjóri kynnti. Könnun var send foreldrum og gefinn kostur á að velja á milli a) tveggja daga að hausti og tveggja daga að vori, b) fjögurra daga að hausti og 0 daga að vori, c) fjögurra daga að vori og 0 daga að hausti. Meiri hluti foreldra vildi lið a. Foreldrafulltrúar töldu að fjórir dagar hefðu verið betri kostur og fulltrúi nemenda tók undir það.
6. Persónuvernd og myndbirtingar – framhald frá fundi í nóvember. Skólastjóri sagði frá vinnu með persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar. Það eru þrír fulltrúar skólastjóra í þeirri vinnu og skólastjóri Kópavogsskóla er einn þeirra. Þegar þeirri vinnu lýkur verður hún kynnt í skólaráði. Rætt um myndbirtingar og hversu mikilvægar þær eru í skólastarfi. Skólastjóri sagði að vilji lang flestra foreldra væri að mynda mætti börn þeirra í skólastarfinu.
7. Opinn fundur um málefni skólasamfélagsins – Skólastjóri stakk upp á að rætt yrði um húsnæðismál skólans á fundinum og það var samþykkt. Heimild hefur fengist til að taka út húsnæði skólans með tilliti til framtíðarþarfa. Fulltrúar foreldra vilja vera með í vinnuhópi um málið.

8. Önnur mál.

- a. Skólastjóri sagði frá því að nú stæði starfsmönnum til boða að fá frían mat gegn því að borða með nemendum. Það á við í öllum grunnskólum bæjarins. Margir starfsmenn gera það nú þegar og það hefur jákvæð áhrif á hegðun í matsal.
- b. Unglingar geta nú fengið hafragraut í nestistíma kl. 10 og margir nýta sér það.
- c. Grenndarfulltrúi hrósaði starfsemi frístundar og þeim breytingum sem þar hafa orðið.

Fundi slitið um kl. 9:30